
HVATI
BYGGINGAFÉLAG















UM OKKUR

Byggingafélagið Hvati ehf. var stofnað árið 2021. Þrátt fyrir ungan aldur hvílir það á gömlu grunni, en eigendur félagsins búa að rúmlega 40 ára reynslu af byggingamarkaði. Áherslur Byggingafélagsins Hvata eru reynsla, þekking, áreiðanleiki og traust.

Hjá Byggingafélaginu Hvata er er lögð áhersla á að allar tíma- og kostnaðaráætlanir standist við byggingu og sölu á atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Markmiðið er að viðskiptavinir finni hvað góð og skipulögð stjórnun allra verkefna, hvort sem þau eru stór eða smá, skiptir miklu máli þegar ætlunin er að byggja vandað húsnæði sem stenst tímans tönn og íslenskar aðstæður.





Raflagnaþjónusta Selfoss

Heyrðu í okkur og skoðum saman hvað við getum gert fyrir þig.

Raflagnaþjónusta Selfoss – Áreiðanleiki og Gæði

Fjölbreytileiki, Reynsla og Traust

Gagnheiði 5 · 800 Selfoss
894 5408 · 899 5408 · raf.logn@simnet.is



SÉRSTAÐAN OKKAR



Eftir rúmlega 40 ár í bransanum veit starfsfólk Byggingafélagsins Hvata hvað einkennir vandað verk. Gríðarleg nákvæmni og áhersla á hvert einasta smáatriði, allt frá fyrstu stigum til afhendingar, tryggir að atvinnu- og íbúðarhúsnæðið sem við byggjum sé til framtíðar – og mæti um leið kröfum og þörfum samtímans.

Við hjá Byggingafélaginu Hvata beitum nútímalegum byggingaraðferðum sem hámarka burðarþol og endingargæði, samhliða því að innleiða orkusparandi lausnir sem draga verulega úr rekstrarkostnaði. Með vandaðri einangrun og áherslu á efnisval sem tryggir loftgæði sjáum við til þess að húsnæðið okkar verði ekki aðeins fallegt og traust, heldur líka hagkvæmt og umhverfisvænt til framtíðar.



VD HURÐIR

Tunguháls 10 • 110 Reykjavík • Sími: 567-3440 • vagnar@vagnar.is • www.vagnar.is

VERKIN OKKAR



Eigendur Byggingafélagsins Hvata hafa marga fjöruna sopið og þjónustað fjölbreyttan hóp viðskiptavina á undanförnum áratugum, allt frá einstaklingum til stærstu fyrirtækja og stofnana landsins. Okkur er því treystandi fyrir hvaða verki sem er. Helstu byggingaverkefni sem eigendur félagsins hafa unnið að á undanförnum árum eru:

- Hagalækur 1, Selfossi / einbýlishús
- Hagalækur 3, Selfossi / einbýlishús
- Þúfulækur 16, Selfossi / einbýlishús
- Urriðalækur 26, Selfossi / einbýlishús
- Pálsbúð 22, Ölfusi, (Þorlákshöfn) / einbýlishús
- Mosar 2-12, Reykholti
- Mosar 11-13 og 14-18, Reykholti
- Móstekkur 59, Selfossi / einbýlishús
- Vesturbakki 3, Ölfusi (Þorlákshöfn) / geymsluhúsnæði 12 einingar
- Vesturbakki 5, Ölfusi (Þorlákshöfn) / geymsluhúsnæði 12 einingar
- Hólmabrún 1, Hveragerði
- Vetrarbraut 9-11, (Þorlákshöfn) parhús
- Loðmundartangi 26, Flúðum – einbýlishús
- Loðmundartangi 2-4, Flúðum – parhús
- Loðmundartangi 13-17, Flúðum - raðhús
- Vesturbakki 11, Ölfusi (Þorlákshöfn) / geymsluhúsnæði 12 einingar
- Vesturbakki 13, Ölfusi (Þorlákshöfn) / geymsluhúsnæði 12 einingar
- Björkustekkur 5-7, Selfossi / parhús

SG GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR EHF

SKEMMUVEGUR 32 • 200 KÓPAVOGUR • SÍMI 564 2021





HVERS VEGNA AÐ VELJA OKKUR?

Viðskiptavinir hafa valið Byggingafélagið Hvata vegna traustrar þjónustu sem byggir á gagnsæi, heiðarleika og gagnkvæmri virðingu. Við leggjum okkur fram við að samskipin séu skýr og heiðarleg frá fyrsta degi, þar sem upplýsingar eru ávallt aðgengilegar og ákvarðanir teknar í sameiningu. Áræðanleiki okkar og áratuga reynsla í byggingariðnaði tryggja að við stöndum við gefin loforð og leysum áskoranir af fagmennsku og öryggi. Með þessi grunngildum að leiðarljósi byggjum við upp langtímasamstarf sem hvílir á raunverulegu trausti. Er það ekki ágætis hvati?

- Reynsla
- Fagmennska
- Traust
- Gagnsæi
- Heiðarleiki
- Áreiðanleiki
- Persónuleg þjónusta



HVATI
BYGGINGAFÉLAG

Heyrðu í okkur
– við finnum lausnina

Byggingafélagið Hvati ehf
Tunguhálsi 17
110 Reykjavík
+358930422
bhv@bhv.is
www.bhv.is



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Stórverk ehf.

611 4742

JS ÍSLAND – A part of JS Danmark • Concept: JS Media Tools A/S • 150